

Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 86.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í síma miðvikudaginn 1. nóvember kl 18:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Eiríkur H. Hauksson áheyrnarfulltrúi sem einungis var á fundinum við afgreiðslu fyrsta liðar. Einnig var á fundinum Fannar Viggósson starfsmaður Norðurá.

Dagskrá

- Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi.
- Stekkjjarvík
- Bréf til UST vegna óskar um stækkun á starfsleyfi.
- Bréf frá UST vegna útstreymisbókhalds.
- Bréf frá UST um sundurliðun á úrgangi.

1. Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi.

Fyrir liggur samþykkt frá stjórn Eypings þann 25. október þar sem lagt er til að Norðurland sameinist um að fá ráðgjafa til að kortleggja æskilegt samstarf og skipulag á grundvelli Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Jafnframt fylgdi erindinu beiðni um að kannaður væri vilji SSNV til að þeir skilgreindu verkefnið sem áhersluverkefni innan sóknaráætlunar.

Töluverð umræða varð meðal stjórnarmanna um hugsanlegt samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi umfram það samstarf sem er í dag. Einkum var rætt um fyrirkomulag lífræns úrgangs. Kom skýrt fram sú skoðun stjórnar að ekki væri hægt að skipuleggja eða vinna að þeim málum öðruvísi en að haft væri samráð við þær afurðastöðvar eða framleiðendur sem í dag senda úrgang frá sér til ýmist jarðgerðar eða urðunar. Samþykkt að Magnús fari á fund stjórnar SSNV og geri grein fyrir málinu og að í þessari vinnu verði lögð áhersla á aðkomu afurðastöðva og að horft verði á málið sem heilstæðast út frá hugsanlegum möguleikum og lausnum til framtíðar sem hagsmunaaðilar séu sáttir við og vilji vera með í.

2. Stekkjarvík.

Fannar lagði fram tölur um magn úrgangs sem búið er að urða það sem af er ári í Stekkjarvík. Í heildina stefnir í að meira verði urðað árið 2017 en var gert 2016. Heldur meira hefur borist af lífrænum úrgangi og timburúrgangi, sérstaklega nú í október. Daglegur rekstur gengur vel að sögn Fannars en einnig er verið að mæla metangas í þeim þremur holum sem búið er að bora. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir en fyrstu tölur benda til að umtalsvert gas sé að koma frá tveimur af þessum þremur holum. Þegar mælingum líkur og niðurstöður liggja fyrir verður tekinn ákvörðun um kaup á brennara og hvort skynsamlegt sé að skoða samhliða aðra nýtingu á gasinu.

3. Bréf til UST vegna óskar um stækkun á starfsleyfi.

Fyrir liggja drög að bréfi til Umhverfisstofnunnar þar sem sótt er um að heimild til urðunnar verði hækkuð úr 21.000 tonnum á ári í 23.000 tonn á ári. Samþykkt að senda erindið en áður voru Magnús og Gunnar frá Eflu búnir að eiga fund með Umhverfisstofnun um málið.

4. Bréf frá UST vegna útstreymisbókhalds.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 23. júní þar sem minnt er á skil á útstreymisbókhaldi vegna ársins 2016. Búið er að skila bókhaldinu en fyrir mistök var það sent aðeins of seint en Umhverfisstofnun staðfesti móttöku 1. ágúst sl.

5. Bréf frá UST um sundurliðun á úrgangi.

Í bréfinu sem er dagsett 19. október vekur UST athygli á lagabreytingum sem gerðar hafa verið og auka kröfur rekstraraðila um sundurliðun eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum. Hjá Norðurá liggur fyrir greinargóð sundurliðun en eitthvað þarf samt að laga og var Fannari falið að skoða þetta í samhengi við þá sundurliðun sem gerð er í dag.

Fundi slitið kl. 18:45

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson

Eiríkur H. Hauksson

Fannar J. Viggósson